

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn 25.mars 2013 kl. 16.30 að Glerárgötu 26



Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Margrét Ólafsdóttir, Áslaug Kristjánsdóttir, Hörður Sigurharðarson og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri ÍBA. Magnús Gauti Gautason og Ármann Ketilsson boðuðu forföll. Gestir fundarins voru Tryggvi Gunnarsson formaður ÍRA og Ellert Örn Erlingsson forstöðumaður íþróttamála Akureyrarbæjar.

Pröstur bauð gestina velkomna á fundinn og sagði aðalmálefni fundarins vera atriði sem bárust í tölvupósti frá Ellert Erni Erlingssyni.

1. Rekstrarsamningar KA og Þór – yfirllestur og athugasemdir ÍBA.

- Aðrir rekstrarsamningar
- Hlutverk ÍBA í rekstrarsamningum

Rætt var um að lesa yfir samninga Þórs og KA, einnig Léttis, FIMAK og SA og tóku Pröstur og Haukur það að sér. Fram kom að skuldbindingar í samningunum tengjast fjárhagsáætlun bæjarins. Stefnt verður að því að reyna að gera samningana meira staðlaða og betur útfærða, skýrari. Einnig rætt um hlutverk ÍBA í samningunum og kom fram að vonir eru bundnar við gott samstarf. Fram kom spurning hvort ÍBA eigi að hlutast til um innri málefni félaganna en menn sammála um að rekstrarstjórnir beri þar ábyrgð. Hlutverk ÍRA yrði að boða til funda ef félagið gerir það ekki og stendur ekki við samninga.

Mál sem sérstaklega bar á góma voru:

Samstarf um nýtingu mannvirkja hjá UFA og Þór.

Vöntun og framtíðarhorfur á félagsaðstöðu UFA. Möguleiki er á húsnæði sem losnar ekki fyrir en 2015 þannig að lausn liggur ekki fyrir í bráð. Bent á mögulega notkun á kennslurýmum í íþróttahöll sem aðstöðu.

Rekstrarskilyrði hjá SA og skuldir vegna orku. Málið er í biðstöðu vegna innri úttektar hjá SA. Málefni Akureyri handboltafélags, samstarf þess við Þór og KA og landleysi er varðar styrkveitingar.

Framkvæmdir og tilhögun verkstjórnar á svæði Nökkva.

2. Rafrænt skráningar- og greiðsluferfi (Nóra / TÍM)

Ellert kynnti hugmyndir að því að taka upp samræmda notkun á rafrænum skráningar- og greiðsluferfum. Horft er á tvö kerfi Team (notað í Skagafj) og Nora (ÍSí) sem vinnur með Felix. Hugmyndin er að Akureyrbær greiði stofn- og rekstrarkostnað og að öll félög noti, stærstu félögin Þór, KA og FIMAK með sér aðgengi en hin í gegn um ÍBA með tengingu af iba.is. Þetta gefur möguleika annars vegar á betra aðgengi iðkenda að upplýsingum og hins vegar aukið aðgengi að upplýsingum um iðkendur sem eykur skilvirkni í stýringu fjármagns og t.d. innheimtu gjalda. Nánari upplýsingar um Nora á dynax.is og um Team á stefna.is

3. Skuldbinding ÍRA vegna samkomulags ÍBA og Þórs vegna Keiludeildar

Ellert nefndi að betra hefði verið ef hann hafi fengið uppkast af samningnum fyrir undirskrift. Hann taldi t.d. æskilegt að samkomulag um skiptingu framlagsins milli ÍRA og ÍBA hefði verið haft í honum. Síðasta greiðsla er áætluð í byrjun júní. Fram kom að mæting hefur verið þokkaleg.

4. Húsnæði fyrir aðildarfélög

- Kraftlyftingafélagið
- Taekwondodeild Þórs
- Flutningur og leiga GA í Íþróttahöllinni

Kraftlyftingafélagið er í óviðunandi húsnæði og óskar eftir samningi. Ekki er til fjármagn fyrir þessari húsaleigu og málinu hefur verið frestað til seinni tíma. Rætt að skoða alla möguleika í Íþróttahöllinni.

Þröstur sagði söguna um þróun fjárframlags til húsaleigu, sem var upphaflega hugsaður sem hausastyrkur. Rætt var um húsaleigustyrki til félaga vegna starfsemi utan eigin húsa og deilda sem leigja hjá eigin félagi.

Óskað hefur verið eftir að flytja Taekwondo í Sunnuhlíð. Nauðsynlegt er að skoða hvort ekki er hægt að koma þessum greinum saman fyrir í húsnæði með hugsanlegri samnýtingu.

Flutningur og leiga vegna GA í Íþróttahöllinni. Forsagan var rakin og samþykkt að fresta ákvörðun um þátttöku ÍBA í kostnaðinum fram til sumars.

5. Málefni ÍBA

- Samskipti ÍBA við aðildarfélög og aðra
 - Málsvari aðildarfélaga
 - Boðleiðir
- Innri starfsemi ÍBA.
 - Verklag og fagleg vinnubrögð
 - Samningar á vegum ÍBA
 - Erindi sem berast frá ÍBA
- Samskiptasamningur
 - Hlutverk og verkefni

Fram kom að félög eiga í samskiptum við ÍRA án milligöngu ÍBA. Óskað var eftir að ÍBA komi með formaðar áætlanir til ÍRA um lausnir á erindum sem berast frá aðildarfélögunum. Stefnt er að gera langtímaáætlun til 10 ára og erindi t.d. vegna Tennis og badminton tekin inn í það. Fram kom að Þröstur fer reglulega í íþróttamannvirkin. Hann telur nauðsynlegt að skerpa t.d. á hlutverki starfsmanna mannvirkjanna, að menn þekki hlutverk sitt og verkefni. Varðandi hlutverk ÍBA kom fram að ÍBA tekur þátt í kostnaði tveggja aðila úr hverju félagi í ferð á þing sérsambands. Einnig er um að ræða þátttöku í kostnaði keppenda á landsmóti UMFÍ.

6. Athöfn ÍRA milli jóla og nýjárs

Umræður eru uppi að hætta með athöfnina og færa til félaganna. Fulltrúar bæjarins gætu þá farið á uppskeruhátíðir félaganna þegar t.d. íþróttamaður ársins er valinn og afhent viðurkenningar. Rætt var um mögulegt samstarf ÍRA og ÍBA um Íþróttamann Akureyrar athöfnina.

7. Tryggingamál

Leitað verði til tryggingafélaga að ganga inn í samninga bæjarins við tryggingafélögin um tryggingu grunnskólabarna. Skilningur ÍBA hefur verið að þátttakendur í íþróttum á vegum aðildarfélaganna falli undir þessar tryggingar. Ellert hyggst skoða þetta betur.

8. Almenningsíþróttir

Fyrirspurn hefur borist frá Menntamálaráðuneytinu varðandi almenningsíþróttir á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu, hvort væri t.d. einhver keppni eða átak sem einskorðast við Eyjafjarðarsvæðið?

Svarið er neikvætt en tekið fram að mjög góð aðstaða er fyrir hendi fyrir alla, mjög víða og mjög fjölbreytt.

9.Önnur mál

Rætt var bréf sem barst frá Maríu Stefánsdóttur og Stefáni Birgi Birgissyni með ósk um stuðning ÍBA við undirbúning og framkvæmd „Hreyfidaga“, íþróttá- og leikjahátíð fyrir alla fjölskylduna sem er stefnt að verði hluti af Akureyrarvöku. Stjórn samþykkti að taka þátt í þessu.

608.173 krónur bárust frá Landflutningum-Samskip af jólapakkasendingum. Upphæðinni verður úthlutað með lottógreiðslum til íþróttá- og æskulýðsstarfs aðildafélaganna.

Langt er komið að manna nefndina um Landsmót Ungmennafélagsins. Þröstur hyggst boða fyrsta fund fljótlega.

Fundi var slitið kl.18.50

Margrét Ólafsdóttir, ritari